

Fundargerð 472. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2025, mánudaginn 28. apríl kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Jóna Árný Þórðardóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir, Alexandra Jóhannesdóttir, Dóra Björk Gunnarsdóttir og Elliði Vignisson.

Að auki sátu fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerðir 470. og 471. fundar - 2401001HA

Lagðar fram til kynningar fundargerð 470. fundar stjórnar Hafnasambandsins frá 19. febrúar 2025 og fundargerð 471. fundar frá 28. mars 2025 sem báðar hafa verið undirritaðar með rafrænum hætti.

2. Hafnasamband Íslands - ársreikningur 2024 - 2501001HA

Lögð fram drög að ársreikningi Hafnasambands Íslands fyrir árið 2024.

Samþykkt að vísa ársreikningnum til kynningar hjá aðildarhöfnum, sbr. ákvæði í 5. mgr. 5. gr. laga Hafnasambandsins, og til skoðunar hjá kjörnum skoðunarmönnum. Afgreiðslu frestað þar til þessu er lokið.

3. Drög að reglugerð um 13. breytingu á reglugerð nr. 745-2016 um vigtun og skráningu sjávarafla - óskað umsagnar - 2504001HA

Lögð fram til kynningu umsögn Hafnasambands Íslands um drög að reglugerð um vigtun og skráningu sjávarafla, S-65-2025, dags. 8. apríl 2025.

4. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda - móttaka úrgangs í höfnum - 2503001HA

Lögð fram til kynningar að nýju umsögn Hafnasambands Íslands um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, dags. 7. mars 2025. Jafnframt upplýst um að búið sé að leggja til að gildistöku verði frestað til 1. janúar 2026.

5. Fagráð um siglingamál - 2410005HA

Rætt um mikilvægi þess að fagráð um siglingamál hefji störf sem fyrst en innviðaráðuneytið óskaði eftir tilnefningum í ráðið þann 10. október 2024. Búið er að boða fyrsta fund ráðsins en hann verður haldinn 29. apríl nk.

6. Vorfundur 2025 - 2501002HA

Lögð fram dagskrá fyrir vorfund stjórnar Hafnasambands Íslands 2025 sem haldinn verður á höfuðborgarsvæðinu.

7. Hafnafundur 2025 - 2411002HA

Rætt um skipulag og drög að dagskrá Hafnafundar 2025 en á seinasta fundi var ákveðið að finna hentugri dagsetningu fyrir Hafnafundinn til að tryggja gistingu fyrir þátttakendur. Lagt er til að Hafnafundur verði haldinn í Ólafsvík 23. október 2025.

Stjórn samþykkir að halda Hafnafund í Ólafsvík 23. október 2025 og felur starfsfólki að hefja undirbúning.

Dóra Björk Gunnarsdóttir kom inn á fundinn kl. 11:25.

8. Úrvinnslusjóður - veiðafærasamningur við SFS - 2012002HA

Lögð fram drög að uppfærðum samningi um ráðstafanir til að tryggja úrvinnslu veiðarfæraúrgangs sem inniheldur plast, dags. 31. mars 2025. Hildur Hauksdóttir, sérfræðingur í umhverfismálum hjá SFS og Sigurgeir Bárðarson lögfræðingur hjá SFS, komu inn á fundinn undir þessum lið.

Stjórn Hafnasambands Íslands þakkar fyrir kynninguna og fagnar því að uppfærður samningur liggi nú fyrir. Stjórnin leggur ríka áherslu á að gengið verði formlega frá samningnum sem fyrst og að jafnframt verði vandað til skráningar og eftirlits með tölfræði um úrvinnslu veiðafæraúrgangs.

9. Skráning aflaupplýsinga og strandveiðar - 2504003HA

Lagt fram bréf Fiskistofu, dags. 28. apríl 2025, skráningu aflaupplýsinga og strandveiðar.

Starfsfólki falið að senda bréfið áfram til aðildarhafna til upplýsinga.

Fundi var slitið kl. 12:15